

Ed.

315. Framvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

(Ettir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í 4. gr. nefndra aðflutningsbannslaga aftan við orðin: »þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar«, bætist inn í:
ef það er unt.

2. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsigli og að innsigli sjeu ekki brotin, eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil, og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó mega útlend skip hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má af forða þeim gefa eða selja öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipinu.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglian í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

3. gr.

Nú er maður ölvaður á almannafæri, og má þá láta hann sæta sektum frá 10 til 100 króna. Þá skal hann og gera grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

Taka má fastan hvern þann mann, er ölvaður er á almannafæri, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur og aldrei lengur en 24 klukkustundir.

4. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í 11. gr. nefndra laga, innan 12 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá lita svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. oftgreindra laga frá 1909.

Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð undir framtal vinbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.

Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vinbirgðirnar.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 8 vikum áður en umgetinn frestur er liðinn.

5. gr.

Brot gegn 2. grein laga þessara varði sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannslaga.

6. gr.

5., 8. og 13. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 eru úr gildi feldar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og annast Stjórnarráðið um, að þau sjeu kunnger öllum lögreglustjórum landsins jafnskjótt.